

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



Dags eftirlits	9.10.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en athugasemd var gerð við að undanþága v. gr. 2.3 er runnin út, rekstraraðili hefur sótt um endurnýjun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Ekki hafa verið gerðar mælingar á þessu ári þar sem engin starfsemi var í verksmiðjunni frá 29. maí á síðasta ári og fram í júní á þessu ári vegna framkvæmda. Stefnt er að mælingum nú í haust. Framkvæmdum er nú lokið, nema varðandi fóðrun borholu fyrir frárennslið.

Rekstraraðili hefur fengið undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna gr. 2.8 í starfsleyfi, varðandi meðhöndlun alkóhóls í frárennsli. Gildir hún til 31. desember 2016 eða þangað til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Rekstraraðili hefur hafið vinnu við umsókn um nýtt starfsleyfi og hyggst leggja inn umsókn til Umhverfisstofnunar fyrir næstu áramót. Drög að tillögu að matsáætlun hafa verið samþykkt hjá Skipulagsstofnun og verið er að vinna að frummatsskýrslu.

Fallið hefur verið frá fyrirhugaðri samnýtingu lagnaleiðar frárennslis til sjávar með HS Orku eins og fram kom í síðasta eftirliti en þess í stað verður fráveituvatn áfram leitt í borholu SV-1 í eigu HS Orku, sem staðsett er rétt utan verksmiðjulóðar félagsins í Svartsengi. Skv. bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja frá 8. október sl. gerir Heilbrigðiseftirlitið ekki athugasemd við það að borholan sé áfram notuð til losunar frárennslis að því tilskyldu að gengið verði frá henni skv. tillögu í greinargerð ÍSOR-15037. Rekstraraðili ætlar að fóðra borholuna niður á 200m dýpi og verður sú framkvæmd kláruð næsta vor.

Daglegt eftirlit er á búnaði verksmiðjunnar varðandi þrýsting, leka og ástand. Góðar skráningar eru í rekstrarbók.

Þjálfun starfsmanna er góð og regluleg. Starfsmenn þurfa að standast regluleg próf varðandi örggi og vinnu við metanólframleiðslu.

Tveir metanól geymar stóðu á áfyllingarplani, stóðu þeir gegnt hvor öðrum með átöppunarbarkana að miðju plansins. Áfyllingarplan er tengt lekavarnarþró.

Lítið sem ekkert álag er á olíuskiljuna en var hún yfirfarin nú í vor og var hún í góðu lagi.

Gengið var um verksmiðjuna og umhverfi hennar skoðað.

Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að undanþága vegna gr. 2.3 í starfsleyfi um að rokgjörn lífræn efni skuli leidd um brennara, rann út þann 1. janúar 2014. Rekstraraðili hefur sótt um endurnýjun undanþágunnar og beðið er eftir niðurstöðu umsóknar.

ANNAÐ

Verksmiðjan hefur verið keyrð í 40 daga á þessu ári og er komin í samtals 319 daga en skv. gr. 6.2 í starfsleyfi er heimilt að framleiða metanól samanlagt í tvö ár frá fyrstu gangsetningu verksmiðjunnar, þó ekki lengur en til 1. febrúar 2018.

Minnt var á að tilkynna til eftirlitsaðila alla keyrsludaga, í upphaf keyrslunnar og í lokin.

Reykjavík, 22.10.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.